

Sp. 254. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]
um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Eiður Guðnason,
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannafjár til tækifærisgjafa hjá stofnunum í eigu ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 106. löggjafarþingi og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:
„Þær upplýsingar, sem fram hafa komið opinberlega, að opinberum starfsmanni sé af almannafé gefin tækifærisgjöf fyrir nokkur hundruð þúsund krónur, eru fullkomlega óeðlilegar og óverjandi. Ekki síst ber að fordæma slíkt á sama tíma og rekstur ríkisstofnana er fjármagnaður með erlendum lántökum. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíkt í framtíðinni er þessi tillaga flutt.“

Pegar tillagan er nú lögð fram á nýjan leik fylgja henni til upplýsinga reglur sem settar hafa verið í Noregi og Danmörku um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Noregur.

257.52 Viðurkenning til starfsmanna sem hætta eftir langa þjónustu.

Starfsmenn, sem hætta eftir að hafa starfað hjá ríkinu samtals ekki skemur en 30 ár, geta fengið daginn, sem þeir láta af störfum, heiðursgjöf að verðmæti allt að 900 krónum. Heiðursgjöfina má gefa sem gjafakort sem ekki er hægt að innleysa í peningum. Það er að segja: ekki má gefa gjafatékka, bankatilvísun, reiðufé eða því um líkt sem heiðursgjöf. Í sambandi við afhendinguna má halda hóf sem kostar allt að 250 krónum.

Fyrir starfsmenn, sem ekki hafa náð 30 ára starfsaldri og fara á eftirlaun, má halda einfalda kveðjuathöfn daginn sem þeir láta af störfum og færa þeim blóm eða aðra gjöf fyrir allt að andvirði 300 kr.

Sama gildir um starfsmenn sem hafa unnið í sama ráðuneyti eða stofnun eða verið í sömu stöðu í minnst 20 ár og hætta til að fara í annað starf (opinbert eða í einkarekstri).

Þetta gildir einnig fyrir fólk í hlutastarfi með færri en 15 vinnustundir á viku og þá sem stunda aukastörf. Útgjöldin færast á reikning hlutaðeigandi stofnana eða ráðuneyta sem útgjaldaliður innan fjárveitingarramma.

Útgjöldin eru færð undir 11. lið, vörur og þjónusta, innan fjárveitingarramma.

257.52.1 Að gefa blóm á fimmtugs- og sextugsafmælum.

Vísað er til atriðis 257.52 um viðurkenningu til starfsmanna sem láta af störfum eftir langa þjónustu.

Einstakar stjórnunargreinar geta sýnt hug sinn með blómvendi, gjafakorti eða því um líku starfsmönnum sem verða fimmtugir eða sextugir. Blómvendir, gjafakort eða þess háttar á að meðaltali ekki að kosta meira en um 150 krónur. Ekki á að vera hægt að innleysa gjafakortið í peningum.

Útgjöldin eru færð undir 11. lið, vörur og þjónusta, innan fjárveitingarramma.

257.52.2 Samúð við jarðarfarir.

Í sambandi við jarðarför starfsmanns má kaupa krans eða blóm samkvæmt því sem þykir við hæfi á staðnum.

Þetta getur einnig náð til fyrrverandi starfsmanna sem hættir voru á eftirlaunum fyrir andlát sitt eða voru á örorkubótum.

Varðandi færslur á útgjöldum, sjá það sem skráð er í atriðunum hér að framan (257.52 og 257.52.1).

257.52.3 Útgjöld til gjafa og blóma.

Í bréfi þann 1. október 1973 frá Ríkisendurskoðun til varnarmálaráðuneytisins er gerð athugasemd við að fé veitt til risnu er að vissu marki notað til kaupa á gjöfum og blómum. Síðan stendur:

Ríkisendurskoðun telur að eftirfarandi línur eigi að leggja til grundvallar.

1. Til viðbótar þeim tilvikum, sem nefnd eru í starfsmannahandbók, atriði 257, er venjulega ekki hægt að gefa gjafir eða sýna annars konar athygli norskum embættis- og starfsmönnum.
2. Þegar útlendingar koma í heimsókn er venjulega ekki hægt að gefa þeim aðrar gjafir en bækur með þjóðlegu ívafi eða sérstaka málmskildi.
3. Þegar norskir embættis- og starfsmenn eru í heimsóknum erlendis verður að fylgja alþjóðavenjum. Í alþjóðasamskiptum, þegar æðstu menn eiga í hlut, má gefa gjafir þegar kostnaði er haldið innan sanngirnismarka.

Ef um er að ræða verðmætar gjafir á að leggja málið fyrir fram fyrir fjármálaráðuneytið.

(Starfsmannahandbók ríkisins, febrúar 1984.)

Danmörk.

Umburðarbréf um tækifærisgjafir o. fl. til starfsmanna í þjónustu ríkisins. (2. júní 1956, Stjórnartíðindi A VI, nr. 90.)

1. Starfsmenn í þjónustu ríkisins, og þeir sem lausráðnir eru hjá ríkinu, fá á 25, 40 og 50 ára starfsafmælum þóknun í samræmi við eftirfarandi reglur í liðunum 2 og 3 hér á eftir.

Auk þess fá hlutaðeigandi við þau tækifæri, sem hér hafa verið nefnd, skjal sem undirritað er af yfirmanni hlutaðeigandi stjórnar með viðurkenningu og þakklæti. Hver stjórn um sig kveður á um útlit og efni skjalsins.

Þóknun og heiðurskjal fá aðeins þeir sem innt hafa af hendi góða þjónustu, ekki má veita þeim sem á seinustu árum á undan afmælinu hafa brotið alvarlega af sér í starfi. Formaður hlutaðeigandi stjórnar á að taka ákvörðun um hvort veita eigi þóknun og heiðurskjal. Afhending þóknunar og heiðurskjals á að fara fram á viðeigandi hátt sem nánar er ákveðinn af hverri stjórn um sig.

2. Starfsafmælisþóknun er 250 kr. á 25 ára starfsafmæli, 400 kr. á 40 ára starfsafmæli og 500 kr. á 50 ára starfsafmæli. Þeir sem ekki hafa verið í fullu starfi allan þann tíma sem talinn er með þegar starfsaldur til heiðursþóknunar er reiknaður út samkvæmt 3. atriði fá veitta þóknun eftir framanskráðum upphæðum ef starfið, sem unnið hefur verið, nær að teljast samtals $\frac{2}{3}$ af fullu starfi allan starfstímann. Ef samanlagður tími hefur farið fram úr $\frac{1}{2}$ en ekki náð $\frac{2}{3}$ af fullu starfi nemur þóknunin 175 kr., 225 kr. og 350 kr. á 25, 40 og 50 ára starfsafmælum.

3. Sem hátiðisdagur telst sá dagur sem hlutaðeigandi hefur unnið 25, 40 og 50 ár í þjónustu danska ríkisins. Þegar reiknaður er út þjónustualdur sem veitir rétt til umbunar eru taldir fyrir mánaðarlaunastarfsmenn 12 launamánuðir, fyrir vikulaunamenn 52 launavikur og fyrir daglaunastarfsmenn 301 launadagur sem jafngildir einu ári.

Starfsafmælis-starfsaldur er reiknaður frá því að fyrst var gengið í þjónustu danska ríkisins. Ef hlé hefur orðið á starfi eru starfstímabil lögð saman nema ástæðan til brottfarar sé mistök í starfi eða hegningarvert athæfi sem hefur eða mundi hafa haft í för með sér brottvikningu úr starfi án eftirlauna. Ef hlutaðeigandi hefur starfað í fleiri stjórnem (hér með einnig taldir barnaskólar, þjóðkirkjan og sérsambönd sem ríkið hefur yfirtekið) má einnig leggja saman einstök starfstímabil þegar gerður er upp starfsaldur ef svo er að lengd og yfirgríp fyrri starfs eða starfa sé vottfest á fullnægjandi hátt.

Þar sem þannig er ástatt að maður hefur á sama tíma setið í ýmsum stjórnem eru samhliða störf metin sem heild með tilliti til notkunar á reglum í þessu umburðarbréfi þar sem þau eru lögð saman þegar starfsmagn er metið. Þóknun og heiðurskjal er í slíkum tilvikum veitt af þeirri stjórn þar sem umfangsmesta starf hefur verið unnið.

Þegar umbunarstarfsaldur er metinn er aðeins talin með sú þjónusta sem að magni til er minnst $\frac{1}{4}$ af eðlilegu starfi allan daginn. Leyfis dagar og veikindadagar (tímalengd veikinda staðfest með læknisvottorði eða á þann hátt sem stjórnin samþykkir að öðru leyti) á starfstímanum eru teknir með við uppgjör, þó aðeins að því er varðar veikindadaga ef greidd hafa verið laun í veikindum að nokkru eða öllu leyti — eða ef svo hefur ekki verið — á tímabili sem samtals lengst getur verið þrjú mánuðir á einu ári.

Auk þess er tekin fjarvera vegna herþjónustu ef greidd eru laun að nokkru eða öllu leyti á meðan á fjarveru stóð eða hún er reiknuð með í hlutaðeigandi þjónustu — eða launastarfsaldri eins og sá tími, sem starfsmaður er ekki á launaskrá, getur talist með eftir því sem hann er reiknaður til launastarfsaldurs.

Stjórnin ákveður umbunarstarfsaldur. Ef hún hefur ekki nákvæmar upplýsingar um hvenær fyrsta ráðning átti sér stað eða lengd fyrri starfstímabila þeirra manna sem falla undir ákvæði þessa umburðarbréfs er starfsaldur ákveðinn með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir stjórninni, og hugsanlega þannig að hann sé talinn frá seinustu ráðningu starfs í samhengi. Annars mun áætlaður starfsaldur, sem hlutaðeiganda kynni að vera reiknaður í öðru skyni, geta verið til leiðbeiningar við ákvörðun umbunarstarfsaldurs.

Þeir sem hafa fengið umbunarstarfsaldur reiknaðan á annan hátt af stjórnem en að framan greinir, eftir þeim reglum sem fram að þessu hafa gilt í hinum einstöku stjórnem, t. d. frá því að þeir voru ráðnir í þjónustu ríkisins, eiga rétt á að fá að halda þeim hætti á útreikningi ef þeir bera fram ósk þess efnis við hlutaðeigandi stjórn fyrir árslok 1956.

4. Þeir starfsmenn, sem hafa, þegar þetta umburðarbréf gekk í gildi, haldið upp á 50 ára starfsafmæli, eða þeir, sem haldið hafa upp á 25 eða 40 ára starfsafmæli og ná ekki að halda upp á nýtt starfsafmæli, fá við uppsögn vegna aldurs, veiklunar eða annarrar ástæðu, sem þeir ráða ekki við, eftir að umburðarbréfið gekk í gildi jafnmikla þóknun sem þeir hefðu fengið eftir framangreindum reglum við síðasta starfsafmæli. Ef þeim hefur verið veitt þóknun samkvæmt fyrirkomulagi því sem í gildi hefur verið fram að þessu hjá hlutaðeigandi stjórn, eða gjöf við eitt eða fleiri starfsaldursafmæli, dregst þóknun við uppsögn frá með upphæð er samsvarar þóknun eða verðmæti gjafar sem veitt hefur verið við starfsaldursafmæli það sem seinast var haldið hátíðlegt.

5. Sá sem heldur upp á starfsaldursafmæli sitt fær frí á launum á hátíðisdaginn ef hann fellur ekki undir veikinda- eða leyfistíma. Ef hátíðisdagurinn er venjulegur frídagur er veitt leyfi frá störfum næsta vinnudag á undan eða eftir. Sá sem ekki fær föst mánaðar- eða vikulaun fær þá launagreiðslu sem hann annars mundi hafa unnið fyrir ef hann hefði stundað sína venjulegu vinnu á hátíðisdaginn.

6. Kostnaður vegna starfsaldursumbunar er greiddur af launareikningi (launadeild) fyrir fasta starfsmenn, en viðskiptareikningi (medhjálpskonto) fyrir lausráðna.

7. Þetta umburðarbréf gengur í gildi þann 1. apríl 1956. Á sama tíma ganga úr gildi þær reglur sem hingað til hafa verið í gildi varðandi umbun eða þess háttar á starfsafmælum.

Fjármálaráðuneytið, 2. júní 1956.

Kampmann. Bodil Andersen.

Umburðarbréf um hækkun starfsaldursumbunar til starfsmanna í þjónustu ríkisins. (Nr. 77).

(Til allra ráðuneyta og stjórna.)

Hér með tilkynnist að fjárveitinganefnd þingsins hefur mælt með því að 1. apríl þetta ár gangi í gildi hækkun á umburðarbréfi fjármálaráðuneytisins, nr. 90 frá 2. júní 1956, varðandi starfsafmælisumbun o.fl. til starfsmanna ríkisins, þannig að þær upphæðir, sem hingað til hafa verið í gildi, 250 kr. á 25 ára starfsafmæli, 400 kr. á 40 ára starfsafmæli og 500 kr. á 50 ára starfsafmæli, verði hækkaðar í tilsvarendi 500 kr., 800 kr. og 1000 kr., þannig að útgjaldaaukning á fjárhagsárinu 1964—65 greiðist af væntanlegri aukafjárveitingu samkvæmt lögum um viðbótarfjárveitingu þess árs.

Fjármálaráðuneytið, þann 21. mars 1964.

P.M.V.

E.B.

Bodil Andersen

Fjármálaráðuneytið I L.j.nr. 875—1964

Lög nr. 154 7. júlí 1958, um laun og eftirlaun ásamt fleiru til ríkisstarfsmanna.

18. kafli: Um þóknun, aðstoðargreiðslur og bætur í eitt skipti fyrir öll.

41. grein.

Greiða má þóknun sem fastar árlegar bætur, annaðhvort til starfsmanns fyrir starf í þjónustu ríkisins sem fellur utan við hans eiginlega starfsvettvang eða þess sem ekki er ríkisstarfsmaður, fyrir starf í þjónustu ríkisins sem ekki er greitt með venjulegum launum.

Ekki er hægt að greiða þóknun án fjárveitingar á fjárlögum á hverju fjárhagsári. Slíka fjárveitingu má veita fyrir ákveðna tölu jafnstórra þóknana eða persónulega ákveðnar þóknanir. Í seinna tilvikinu fellur þóknunin niður ef nýja fjárveitingu skortir þegar skipt er um starf.

Þeir sem ekki eru ríkisstarfsmenn hjá varnarmálaráðuneytinu en eiga eftirlaunarétt samkvæmt lögum frá 12. júlí 1946, með seinni breytingum, falla ekki undir ákvæði þessara laga.

42. grein.

Ekki má nota aðstoðargreiðslur veittar á fjárlögum, nema slíkt sé skýrt ákveðið í lögum, til þess að greiða bætur nokkrum starfsmanni innan hlutaðeigandi stjórnargreinar eða nokkrum öðrum á sama sviði sem fær þóknun eftir 41. grein. Sama gildir um sérhverja aðra útgjalda- eða tekjufjárveitingu sem samkvæmt hljóðan sinni kveður ekki á um bætur til framangreindra starfsmanna eða þeirra sem þóknun hljóta. Þegar um er að ræða stofnfé og aðrar tímabundnar fjárveitingar er þó nóg að bætur þeirrar tegundar sem nefndar hafa verið séu greinilega heimilaðar við fjárveitinguna.

Til greiðslu bóta í eitt skipti fyrir öll til starfsmanna fyrir vinnu sérstakrar tegundar eða við alveg sérstök skilyrði má hafa sérstaka upphæð til ráðstöfunar með fjárveitingu.

Við 25, 40 og 50 ára starfsafmæli starfsmanna er veitt umbun samkvæmt nánari ákveðnum reglum sem settar eru af fjármálaráðherra.